

Alþingi  
Erindi nr. P 133/615  
komudagur 7. 12. 2006

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang [eything@eything.is](mailto:eything@eything.is)

Akureyri 7. desember 2006


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um siglingavernd, 238. mál, EES-reglur. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Með frumvarpinu fær Siglingastofnun heimildir til ákvarðanatöku án samráðs við viðkomandi hafnaryfirvöld. Það verður að teljast mjög óeðlilegt að Siglingastofnun geti takmarkað aðgang og umferð um hafnarsvæði án samráðs við hafnaryfirvöld. Sömuleiðis verður að telja það eðlilegt að Siglingastofnun hafi samráð við hafnaryfirvöld við gerð áhættumats og siglingaverndaráætlunar.

Þá varar stjórn Eyþings við því að verið sé að gera siglingaverndina víðtækari en áður, eins og felst í frumvarpinu, með því að fella siglingar milli innanlandshafna þar undir. Stjórnin bendir á að siglingaverndin hefur haft í för með sér aukna gjaldtöku á notendur hafnanna og hefur sú gjaldtaka mætt mikilli andstöðu.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Vónasson  
framkv.stjóri



Félag skipstjórnarmanna

Alþingi  
Erindi nr. P 133/270  
komudagur 24.11.2006

Nefndasvið Alþingis,  
Samgöngunefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík 22.nóvember 2006.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd.**

Félag skipstjórnarmanna gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
Félag skipstjórnarmanna.

  
Guðjón Ármann Einarsson

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/233*  
*komudagur 23.11.2006*

Nefndasvið Alþingis,  
Samgöngunefnd,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík.

Reykjavík 24. nóvember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd, 238. mál.

Frumvarpið kveður á um breytingar á lögum nr. 50/2004 um siglingavernd með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/65. Breytingarnar hafa það megin markmið að auka öryggi skipa bæði á siglingu og í höfnum.

VM hefur ekki fram að færa athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst  
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmteknimanna

-----  
Helgi Laxdal formaður VM

# HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 133/307

komudagur 24. 11. 2006

Alþingi samgöngunefnd  
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. nóvember 2006

0611024HA BLB  
Tilv.:623

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um siglingavernd

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis dags. 15. nóvember sl. fékk Hafnasambandi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um siglingavernd 238. mál, EES reglur. Stjórn Hafnasambands Íslands hefur haft skamman tíma til að skoða efni frumvarpsins og áskilur sér því rétt til að senda ítarlegri umsögn ef ástæða er til, en hér að neðan eru þau helstu atriði sem stjórnin vill vekja athygli á:

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er ábyrgð Siglingastofnunar aukin (sbr. 4. gr. laganna) og skal stofnunin nú ábyrgjast gerð áhættumats vegna siglinga í íslenski efnahagslögsögu og gerð Siglingaverndaráætlunar fyrir Ísland. Það eru tilmæli til Siglingastofnunar Íslands að verkefnið verði unnið í samstarfi við hafnir landsins þannig að meiri hagkvæmni náist við gerð og endurskoðun á eigin áhættumati og verndaráætlunum.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um aðgang að hafnarsvæðum og heimild Siglingastofnunar til að takmarka aðgang og banna umgengni – eðlilegt er að slík takmörkun sé gerð í samráði og sátt við hafnaryfirvöld á hverjum stað.

Um 6. gr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á III kafla – 6. gr. laganna en þar stendur í 1. mál. 1. mgr " *Tilnefna skal verndarfulltrúa fyrir hafnaraðstöðuna og skal Siglingastofnun Íslands staðfesta skipan hans.*" Það eru tilmæli hafnasambandsins að krafa um verndarfulltrúa taki mið af aðstæðum á hverjum stað en ekki að tilnefndur sé verndarfulltrúi sérstaklega fyrir sérhverja hafnaraðstöðu ( sjá skilgreiningu á hafnaraðstöðu í lögumum ) innan sömu hafnar. Eðlilegt er að verndarfulltrúi hafnarinnar á hverjum tíma sé verndarfulltrúi fyrir allar hafnaraðstöður hafnarinnar, nema þegar umfang starfsins krefst fleiri starfsmanna að mati hafnastjórnar. Í 6. gr. frumvarpsins er bent á að orðin löndun og að landa á við um afla fiskibáta, annars er talað um að setja vörur á land eða uppskipun. Í greininni kemur einnig fram að álagning farmverndargjalds sé ekki bundin við vöruútflytning og gerir Hafnasamband Íslands ekki athugasemd við þá framkvæmd fyrir sitt leyti.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Birgir L. Blöndal

Reykjavík, 20. nóvember 2006

Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, 238. mál**

Með bréfi dags 15. nóvember 2006 er óskað umsagnar Olíudreifingar ehf um ofangreint mál.

Félagið vill ítreka þá meginathugasemd félagsins við löginn sem komið var á framfæri þegar löginn voru sett upphaflega, en hún varðar staðsetningu málsins innan stjórnarsýslunnar. Félagið telur að yfirstjórn málsins eigi að falla undir Dómsmálaráðherra og Ríkislögreglustjóra, en ekki Samgönguráðherra og Siglingastofnun Íslands. Sérstaklega á þetta við í ljósi þess að dómsmálaráðherra hefur boðað að sett skuli á fót eining innan Ríkislögreglustjóra sem eigi að greina aðsteðjandi hættur og sinna forvörnum, sem er einnig tilgangur siglingaverndarinnar.

Það er hlutverk lögreglunnar að halda uppi lögum og reglu í landinu og vernda líf, limi og eigur borgaranna. Sú sérfræðipækking og alþjóðasamskipti á þessu sviði sem Ríkislögreglustjóri hefur fellur beint að þessu máli, enda hefur hann í mörgum tilfellum heldur enga heimild til að veita upplýsingum sem varða málaflokkinn til annarra aðila eða stofnanna, hvorki á undirbúningsstigi og þaðan af síður á framkvæmdastigi. Siglingastofnun Íslands getur verið Ríkislögreglustjóra til aðstoðar og ráðgjafar um ýmis mál, eins og samskipti við IMO, Alþjóða siglingamálstofnunina, en einnig væri heppilegra að Siglingastofnun Íslands væri ekki yfirvald í málaflokknum þar sem hún gæti þá sinnt hefðbundnu ráðgjafahlutverki sínu við hafnir landsins eins og í öðrum málum er undir stofnunina falla, eins og við gerð hafnarmannvirkja og sparað þannig miklar fjárhæðir með samræmdri ráðgjöf. Í frumvarpinu er að hluta til tekið undir þetta sjónarmið, þegar Ríkislögreglustjóra er gefin skýrt umboð til að setja vástig, án umsagnar annarra aðila.

Í 5. grein er gert ráð fyrir að Siglingastofnun sé falið vald til yfirtaka hafnir með heimild til að takmarka aðgang að hafnarsvæðum. Með þessu er Siglingastofnun fært vald sem lögreglan hefur í dag og á eðlilega heima þar. Þessi breyting getur ekki annað skapað hættu á ágreiningi og árekstrum milli aðila.

Félagið fagnar því að ekki skuli lengur skylt að taka sérstakt gjald vegna siglingaverndar.

Ef athugasemdir eða spurningar vakna við umsögn þessa, vinsamlegast hafið samband.

Virðingarfyllst,  
f.h. Olíudreifingar ehf.,

Gestur Guðjónsson  
Umhverfis- og öryggisfulltrúi



Alþingi  
Erindi nr. P 133/336  
komudagur 27.11.2006


## Umsögn um mál til Alþingis

|   |   |                         |
|---|---|-------------------------|
| VIÐTAKANDI<br>Nefndasvið Alþingis bt:<br>Ingvar Þór Sigurðsson                                    | SENDANDI<br>Olfufélagið ehf, Suðurlandsbraut 18,<br>108 Reykjavík |                         |
| MÁLEFNI<br>Umsögn um "Frumvarp til laga um<br>breytingu á lögum nr. 50/2004, um<br>siglingavernd" | TILVÍSUN  | DAGSETNING<br>27-Nov-06 |

Olfufélagið hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að kynna sér málið og gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Olfufélagið ehf

  
Magnús Asgeirsson

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 133/305**  
**komudagur 24.11.2006**



**Persónuvernd**

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Alþingi  
Samgöngunefnd  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. nóvember 2006  
Tilvísun: 2006110664 SMG/--

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004 um siglingavernd**

Persónuvernd vísar til bréfs samgöngunefndar, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004 um siglingavernd, 238. mál, EES-reglur (pskj. 241 á 133. löggjafarþingi.)

Í d-lið 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við 4. gr. laga nr. 50/2004 bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:

„Siglingastofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Við framkvæmd eftirlits með siglingavernd skal fulltrúum Siglingastofnunar heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjölum, eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Fulltrúar hafna, skipa og útgerða, sem lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim taka til, skulu veita stofnuninni þá aðstoð sem þörf er á vegna eftirlits í þágu siglingaverndar. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirlits í þágu siglingaverndar.“

Persónuvernd telur rétt að benda á 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en þar er kveðið á um að ekki megi gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, *nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakeri lagageimild*. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Ef fyrirhugað er að veita Siglingastofnun umræddar heimildir án þess að afla þurfi dómsúrskurðar telur Persónuvernd æskilegra að það sé tekið fram berum orðum í ákvæðinu.

Virðingarfyllt

Dr. Páll Hreinsson  
stjórnarformaður



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/323*  
*komudagur 27.11.2006*

Reykjavík 24. nóvember 2006

*Tilvísun: 2006110102*

50.03


Alþingi  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

**Frumvarp til laga um siglingavernd, 238 mál**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar frá 15. nóvember þ.m. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Engar athugasemdir eru gerðar við efni frumvarpsins.

F.h. RLS



Steinar Adolffson, lögl. fulltr.



RÍKISSAKSÓKNARI

RB/kb

Reykjavík, 24. nóvember 2006

Borist hefur til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um siglingavernd, 238. mál.

Umsögn ríkissaksóknara lýtur eingöngu að viðurlagaákvæði frumvarpsins, 10. gr.


Í 12. gr. núgildandi laga um siglingavernd nr. 50/2004 er kveðið á um að brot gegn lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varði sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Boðreglur laganna beinast hins vegar fyrst og fremst að yfirvöldum, t.d. ríkislögreglustjóra, landhelgisgæslunni og tollstjóra, sbr. 5., 7., 8. og 9. mgr. 4. gr. laganna. Eins og löggin eru úr garði gerð er vandséð hvaða háttsemi á að vera refsiverð. Æskilegt er að skýrar verknaðarlýsingar séu í viðurlagaákvæðum svo tekin séu af öll tvímæli í þessu sambandi. Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar er ekki gert ráð fyrir breytingum á viðurlagaákvæðinu að þessu leyti. Af hálfu ríkissaksóknara er því lagt til að viðurlagaákvæðinu, þ.e. 10. gr. frumvarpsins, verði breytt þannig að þar komi fram lýsing á þeirri háttsemi sem ætlunin er að verði refsiverð.

Í 7. gr. frumvarpsins er ákvæði um þagnarskyldu þeirra sem starfa að siglingavernd. Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins varða brot gegn þessu ákvæði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Af hálfu ríkissaksóknara er lögð áhersla á að gætt sé samræmis við refsiramma annarra ákvæða sem kveða á um þagnarskyldu. Er þar helst að nefna ákvæði 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en þar er kveðið á um að beita skuli fangelsi allt að einu ári, en í ákveðnum tilvikum allt að þremur árum. Þá má nefna að í ýmsum sérlögum er ekki kveðið á um viðurlög vegna brota á þagnarskyldu heldur er fyrrnefnt ákvæði laga nr. 19/1940 um þagnarskyldu opinberra starfsmanna látið duga.

f.h.r.

Ragna Bjarnadóttir

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Alþingi  
Erindi nr. P 133/337  
komudagur 27.11.2006

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi samgöngunefnd  
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar

Reykjavík 24. nóvember 2006

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

0611393SA JF  
Tilv.: 206

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um siglingavernd

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. nóvember sl., fékk Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004 um siglingavernd.

Í meginatriðum er sambandið sátt við efni frumvarpsins en gerir þó eftirfarandi athugasemdir.

Sambandið telur að almennt þurfi að gera ráð fyrir samráði við hafnaryfirvöld á hverjum stað. Samkvæmt frumvarpinu er Siglingastofnun falin ábyrgð ýmissa atriða og heimildir til ákvarðanatöku án nokkurs samráðs við viðkomandi hafnaryfirvöld.

*Um 3. gr.*

Í 3. gr. frumvarpsins er ábyrgð Siglingastofnunar aukin og henni m.a. falið að gera áhættumat vegna siglinga innan íslenskrar efnahagslögsögu og útbúa Siglingarverndaráætlun Íslands. Telur sambandið rétt að hafnaryfirvöld taki þátt í þessum verkefnum að minnsta kosti með þeim hætti að Siglingastofnun sé gert skylt að leita álits hafnaryfirvalda á áhættumati og siglingaverndaráætlun.

*Um 5. gr.*

Í 5. gr. frumvarpsins er Siglingastofnun veitt heimild til að takmarka aðgang að höfnum og hafnarsvæðum, umferð um þær og dvöl skipa í þeim, svo og banna umgengni eða dvöl á slíkum svæðum þegar slíkt er talið nauðsynlegt vegna siglingaverndar. Það er nauðsynlegt að í slíkum tilvikum sé haft samráð við hafnaryfirvöld á viðkomandi stað. Enda í hæsta máta óeðlilegt að Siglingastofnun geti takmarkað aðgang og umferð um hafnarsvæði og jafnvel takmarkað aðgengi hafnaryfirvalda að höfninni án nokkurs samráðs við eða tilkynningar til viðkomandi hafnaryfirvalda.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sigurður Óli Kolbeinsson  
Sviðsstjóri lögfræðisviðs

**Samgönguráðuneytið**

**Minnisblað**

Viðtakandi: **Samgöngunefnd Alþingis**  
Sendandi: **Samgönguráðherra**  
Dagsetning: **23.01.2007**  
Málsnúmer: **SAM05080066**  
Bréfalykill: **311**

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004.

Ráðuneytinu hafa borist umsagnir frá eftirtöldum aðilum vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, sem nú er til umfjöllunar í samgöngunefnd Alþingis:

- Liður 1 Félagi vélstjóra og málmteknimanna, dags. 24. nóvember 2006
- Liður 2 Félagi skipstjórnarmanna, dags. 22. nóvember 2006
- Liður 3 FFSÍ, dags. 24. nóvember 2006
- Liður 4 Hafnarsambandi Íslands, dags. 24. nóvember 2006
- Liður 5 Samtökum atvinnulífsins og Samtök verslunar og þjónustu, dags. 24. nóvember 2006
- Liður 6 Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. nóvember 2006
- Liður 7 Óliudreifingu ehf., dags. 20. nóvember 2006
- Liður 8 Ríkissaksóknara, dags. 24. nóvember 2006
- Liður 9 Persónuvernd, dags. 21. nóvember 2006

**A. Ekki er tilefni til breytinga vegna athugasemda skv. 1.,2.,3. og 7. lið hér að ofan.**

**B. Hvað varðar lið 4 skal eftirfarandi tekið fram:**

Varðandi umfjöllun um 6. gr. frumvarpsins skal það áréttað að samkvæmt viðbót við s.k. SOLAS samþykkt sem Ísland hefur gengist undir er þess krafist að hver hafnaraðstaða sé með tilnefndan verndarfulltrúa. Hins vegar getur verið einn og sami vendarfulltrúinn yfir margar hafnaraðstöður.

**Hvað varðar lið 5 skal eftirfarandi tekið fram:**

Lagt er til að gildissvið laganna verði þrengt

Ástæðan fyrir því að hafa skilgreininguna rúma í lagatextanum og möguleikann á að þrengja hana í reglugerðarákvæði eftir því sem alþjóðlegar skuldbindingar kveða á um tengist hagkvæmni við aðlögun íslenskra reglna að alþjóðlegum skuldbindingum og innleiðingu slíkra reglna í íslenskan rétt. Hér er því fyrst og fremst um að ræða lagatæknilegt atriði.

Gjaldtaka

Bent er á í umsögninni að hugsanlega sé verið að blanda saman tveimur hugtökum, þ.e. hafnarvernd og skipavernd. Í umsögninni gætir nokkurs misskilnings þar sem ekki er verið að leggja til breytingu á gjaldtöku að öðru leyti en því að lögð er til

## Liður 8

*Ríkissaksóknari leggur til að gætt sé samræmis við ákvörðun refsingar fyrir brot á þagnarskyldu.*

Lagt er til að gerð verði eftirfarandi orðalagsbreyting á 10. gr. frumvarpsins, að þessu tilefni: 2. másl., 12. gr. laganna, sem verður 15. gr., orðist svo: „Brot á þagnarskyldu skv. 11. gr. laganna er refsivert skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.”

*Ríkissaksóknari leggur jafnframt til að verknaðarlýsingar séu gerðar skýrari í viðurlagaákvæðinu (10. gr. frumvarpsins).*

**(Bæta inn e.a. frá Ríkissaksóknara og dóms- og kirkjumálaráðuneyti)**

Til að koma til móts við framangreindar athugasemdir er lagt til að 10. gr. frumvarpsins orðist svo:

**Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Brot á þagnarskyldu skv. 11. gr. laganna er refsivert skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.**

## Liður 9

*Persónuvernd leggur til að æskilegt sé að taka það fram berum orðum í ákvæðinu að Siglingastofnun hafi tilgreindar heimildir, án undangengins dómsúrskurðar.*

Að þessu tilefni er lagt til að við 2. másl., d-liðar 3. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi: „...án undangengins dómsúrskurðar.”

D-liður 4. gr. laganna verði því svohljóðandi:

**Siglingastofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Við framkvæmd eftirlits með siglingavernd skal fulltrúum Siglingastofnunar heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjölum, eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins, án undangengins dómsúrskurðar. Fulltrúar hafna, skipa og útgerða, sem lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim taka til, skulu veita stofnuninni þá aðstoð sem þörf er á vegna eftirlits í þágu siglingaverndar. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirlits í þágu siglingaverndar.**

Vísast jafnframt til fyrra minnisblaðs ráðuneytisins til samgöngunefndar, dags. 22. nóvember 2006.

## *Samgönguráðuneytið*

---

### *Minnisblað*

Viðtakandi: **Samgöngunefnd Alþingis**  
Sendandi: **Samgönguráðuneytið**  
Dagsetning: **22.11.2006**  
Málsnúmer: **SAM05080066**  
Bréfalykill: **311**

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um siglingavernd nr. 50/2004

Í kjölfar fundar samgöngunefndar með ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytis, og tveimur fulltrúum ráðuneytisins, þriðjudaginn 14. nóvember sl. eru lagðar til eftirfarandi breytingar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, með síðari breytingum, sem nú liggur fyrir í samgöngunefnd:

Lagt er til að við 4. gr. frumvarpsins (3. mgr. b-lið) sem breytir 5. gr. laganna bætist eftirfarandi tilvísun:

„Um farbann fer að ákvæðum laga um eftirlit með skipum.”

Einnig er lagt til að gerð verði smávægileg breyting á orðalagi almennrar umfjöllunar um athugasemdir við lagafrumvarpið þar sem fram kemur í dæmaskyni að Siglingastofnun geti brugðist við með kyrrsetningu skipa (bls. 5 í frumvarpinu). Til að taka af allan vafa er talið rétt að leggja til breytingu á orðalagi til samræmis við orðalag lagaákvæðisins og vísa til farbanns í stað kyrrsetningar. Málsgreinin verður því eftir breytingu svohljóðandi:

„Einnig er í frumvarpinu kveðið á um heimildir Siglingastofnunar til þess að bregðast við brotum á reglum um siglingavernd, t.d. með því að leggja farbann á skip, og aukið er við viðurlagaákvæði laganna til samræmis við það.”

**Alþingi**  
Erindi nr. P 133/308  
komudagur 24.11.2006



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
b.t. samgöngunefndar  
Alþingi  
150 Reykjavík

jhm/ss

24. nóvember 2006

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um siglingavernd, 238. mál, EES-reglur.**

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök verslunar og þjónustu (SVP) skila sameiginlegri umsögn um ofangreint frumvarp um breytingu á lögum nr. 50/2004 um siglingavernd. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES nefndarinnar séu tillögur að breytingum á lögnum gerðar til að innleiða reglur EB nr. 725/2004, 884/2005 og tilskipun 2005/65/EB.

### **Útfærsla og framkvæmd.**

Mikilvægt er að vel takist til verka við útfærslu framangreindra reglna EB, þ.e. að um leið og framkvæmdin uppfylli lágmarkskröfur reglna EB og alþjóðasamninga, þá sé hún ekki of íþyngjandi hvað varðar kostnað eða umstang. Er því lagt til að bætt verði á viðeigandi stað í lögum svohljóðandi ákvæði:

*Opinberir aðilar, sem setja reglur um framkvæmd laga þessara og/eða sjá um framkvæmdina, skulu hafa það að leiðarljósi að mæta lágmarkskröfum alþjóðlegra skuldbindinga, en á sama tíma gæta þess að framkvæmdin verði eins einföld og hagkvæm og frekast er unnt.*

SA og SVP vilja áréttta það sjónarmið að teknar séu upp þær lágmarkskröfur sem gerðar eru samkvæmt tilvitnuðum samþykktum EB og alþjóðasamþykktum en ekki sé gengið lengra en þar er krafist. Þá er lögð áhersla á það að framkvæmd sé í samræmi við það sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar en ekki viðameiri og kostnaðarsamari en þar tíðkast.

### **Innanlandssiglingar.**

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að gildissvið 2. gr. laganna verði víkkað og frá því sem nú er og muni einnig ná til farþegaskipa og flutningaskipa í innanlandssiglingum. Með tilvísun til athugasemda við 1. gr. og 7. mgr. 3. gr. reglugerðar EB nr. 725/2004 vaknar spurning um það hvort ekki sé rétt að tilgreina nánar í lagatextanum við hvaða skip sé átt. Í athugasemdum er tilgreint að átt sé við farþegaskip í flokki A, en flokkunin fer eftir því á hvaða hafsvæði skipin sigla. Varðandi flutningaskipin þá er samkvæmt framangreindri reglugerð EB um að ræða skip sem eru 500 brúttótonn og stærri.

Gæti þá orðalagið verið:

*“Lög þessi gilda einnig um farþegaskip í flokki A og flutningaskip 500 brúttótonn og stærri í innanlandssiglingum.”*

**Aðsetur:**  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

**Sími:**  
591 00 00

**Bréfsími:**  
591 00 50

**Netfang:**  
sa@sa.is

**Veffang:**  
www.sa.is



### Gjaldtaka

Samkvæmt b-lið 6. gr. er höfnum heimilt að innheimta sérstakt gjald, hafnarverndargjald, fyrir hvert skip. Er ekki verið er að blanda þar saman tveimur hlutum annars vegar hafnarvernd og hins vegar skipavernd?

Skv. a-, b- og c-lið 3 gr. laga nr. 50/2004 um siglingavernd er siglingaverndinni skipt í þrennt, skipavernd, hafnavernd og farmvernd. Skipaverndinni eru ætlaðar forvarnir til að tryggja vernd **skipanna**, hafnaverndin aftur á móti er skilgreind til að tryggja vernd **hafnaraðstöðu**. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2004 um siglingavernd eru hugtök þessi vel skilgreind en þar segir m.a. "Með skipavernd er átt við ráðstafanir samkvæmt þeim hluta samningsins sem gildir um vernd skipa, svo sem áhættumat skipa, verndaráætlun skipa, verndarfulltrúa útgerða og verndarfulltrúa skipa. Með hafnavernd er átt við ráðstafanir samkvæmt þeim hluta samningsins sem gildir um vernd hafna, svo sem áhættumat hafna, verndaráætlun hafna og verndarfulltrúa hafna."


Það er skilningur SA og SVÞ að með skipavernd sé búið að tryggja vernd skipanna og það sé óeðlilegt að hafnir innheimti sérstakt gjald af skipum vegna hafnarverndar. Hafnarverndin snýr að athafnasvæði hafnanna, þeim tækjum og búnaði sem þar eru geymd og vörum sem þar eru til meðhöndlunar og/eða geymslu. Kostnaður við hana á því ekki að leggjast á skipin sem þegar hafa uppfyllt ákvæði siglingaverndar með skipaverndinni.

Í næst síðasta málslið 9. gr. um gjöld, segir að gjaldtaka skuli „í öllum tilfellum miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er og birt í gjaldskrár viðkomandi hafnar.“ Eðlilegt getur talist að greidd séu gjöld fyrir veitta þjónustu. Samtökin leggja áherslu á að um þjónustugjöld verði að ræða sem ekki muni nema meiru en einmitt þeim kostnaði sem til fellur vegna þessarar veittu þjónustu.


Samtökin styðja að frumvarpið verði að lögum, með ofangreindri breytingu, en ítreka áherslu sína á að þær opinberu stofnanir sem koma munu að frekari útfærslu framkvæmdarinnar hafi það að leiðarljósi að uppfylla alþjóðlegar lágmarkskröfur á trúverðugan hátt, en jafnframt nauðsyn þess að framkvæmdin verði sem hagkvæmust og hafi sem minnstan kostnað og umstang í för með sér.

Virðingarfyllst,

Samtök atvinnulífsins

  
Jón H. Magnússon

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu

  
Signý Sigurðardóttir



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/656*  
*komudagur 15. 12. 2006*

Nefndasvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík


Hvammstanga 8. desember 2006

Málefni: Frumvarp til laga um siglingavernd, 238. mál, EES - reglur.

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var 5. desember sl., var frumvarp til laga um siglingavernd, 238. mál, EES - reglur, tekið til umsagnar. Stjórn SSNV gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

  
\_\_\_\_\_  
Jakob Magnússon,  
frankvæmdastjóri SSNV.





SIGLINGASTOFNUN

*Erindi nr. Þ 133/175  
komudagur 21.11.2006*

Alþingi  
Ingvar Þór Sigurðsson nefndarritari  
Við Austurvöll  
105 Reykjavík

Kópavogi, 16.11.2006  
Tilv. 023  
SP

**Efni: Frv. til laga um siglingavernd, 238. mál. EES-reglur.**

Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 15. nóvember 2006, þar sem ofanefnt frumvarp er sent til umsagnar Siglingastofnunar.

Frumvarp þetta var samið í samstarfi samgönguráðuneytis og Siglingastofnunar Íslands og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt,  
F. h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,  
siglingamálastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/306*  
*komudagur 24.11.2006*

Samgöngunefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögun nr. 50/2004, um siglingavernd, 238. mál.

Slysavarnafélagið Landsbjörg og Slysavarnaskóli sjómanna gera ekki athugasemdir við umrætt frumvarp.

Fh. Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Slysavarnaskóla sjómanna

Hilmar Snorrason  
Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 133/321**  
**komudagur 27.11.2006**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. nóvember 2006.

**Málefni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd, 238. mál.*

Tollstjórinn í Reykjavík hefur móttengið erindi Samgöngunefndar Alþingis dags. 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd, 238. mál.

Markmiðið með frumvarpinu er að stuðla að auknu öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu einkum með hliðsjón af settum reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004, framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB en ofangreindar gerðir Evrópusambandsins hafa verið teknar inn í EES-samninginn.

Tollstjórinn í Reykjavík gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við ofangreint lagafrumvarp.

Virðingarfyllst,  
f.h. tollstjórans í Reykjavík

Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 133/322**  
**komudagur 27.11.2006**



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis - Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2006


Tilvísun: UST20061100083/kg

### **Frumvarp tii laga um siglingavernd**

Vísað er til erindis samgöngunefndar, dags. 15. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um siglingavernd, 238. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst



Davíð Egilson  
forstjóri



Sigrbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður

Afrit: Umhverfísráðuneytið